

höfuðatriðum, sem Jesús var að berjast á móti," (bls. 99). Að líkendum fengi þessi forna tillaga Síra Matth. betri byr hjá Síra J. H. nú, og þeim fleirum er mótmæltir voru áður.

Auk þessarar alvarlegu hliðar trúfrelsisviðleitninnar íslenzku má einnig víða sjá, þar eins og hér, kýmnishliðina á móttöðu tilraununum, þar sem uppjórtrað andleysið er að bera fyrir sig fæturna og reyna til að standa þvert í götu fyrir framförunum. Þarf ekki annað en benda á Ástvald og hans nóta með „Fírfat-*id*“ er gott hugsa til glóðarinnar og gleinilegust hafa landafréssin yfir ókunna landið. Í fjarlægðinni hęðan hafa ýmsir haldið því fram, að hann væri sannur eldsóknari íslensku þjóðarinnar, og hafa menn viljað styrkja hann að því verki, með nokkrum vasapeningum. Í fornum sögum var það mjög frægt verk að sækja eld,— himna eldinn,— og mætti vel við una ef enn væri svo. En það gjörist ófrægt verk að sækja eldinn til Helvítis, jafnvel þó trúarskarið sé lítt logandi og „kalt sé við kórbak“.

Enda hafa allar tilraunir innri missiónarinnar lítið gjöjt annað, enn sem komið er, en flýta fyrir umbótaverkinu.

Nú með síðustu blöðum Norðurl. berst enn í viðbót ein kýmnismynd gamallar trúvarnar, þar sem einhver Gook, enskur æðistrúar postuli auðsjáanlegur, verður fokvondur við Síra Matth. útaf sögunni af Jónasi og hvalnum. Eitthvað hljóta hugsanafæri þeirra manna að vera útafbrugðin því venjulega, er telja það kristindómsskilyrði að sú saga sé ekki vésengd sem virkilegur viðbuiður, og höfðum vér hugsað að það væri oss einum gefið hér vestra að telja þá menn í hópi er segja mönnunum hvalssögur til trúarstyrkingar.

En hvað sem þessu líður eru framfarirnar, rýmkun í skoðanalegu tilliti svo miklar í ísl. kyrkjunni að það eingöngu veiður ekki þjóðinni sjálfri mikill styrkur í menningarbaráttunni, heldur og líka ómótmælanlegur vottur þess að andlegu málín öll eru í höndum viturra og göfugra þjóðarvina, svo þeim hefir kannske aldrei fyr verið betur komið.

„Hvort unir þú betur nöttunni eða deginum?“ var stúlkán í turninum spurð. Þeirrar spurningar eru menn og stofnanir spurðar nú. Það er reynt til að fá menn til að horfa í risuna á